

Óhefðbundinn fundur Betadeildar fimmtudaginn 15.mars 2012 kl. 19:30.

Fundarstaður: Icelandair hótelið á Akureyri.

Mættar voru 18 félagskonur úr Betadeild.

Leshringur þar sem fjallað var um bækurnar Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur og Húshjálpin eftir Kathryn Stockett.

Sigrún Björk Jakobsdóttir hóteltýra tók á móti hópnum og sagði aðeins frá sögu hússins og hótelsins áður en hún sýndi húsakynni. Betasystur voru mjög ánægðar með kynninguna og leist afar vel á hótelið.

Eftir kynninguna var Betasystrum vísað í sal sem þær höfðu út af fyrir sig. Þar sem boðið var upp á léttar veitingar og bækurnar ræddar. Fríða Pétursdóttir stýrði umræðum um Jójó og vísaði m.a. í gagnrýni í blöðum sem skrifaðar hafa verið um bókina. Selma Hauksdóttir stýrði umræðum um Húshjálpin.

Miklar og góðar umræður urðu um bækurnar og fleira sem tengist þeim.

Eftir umræðuna kom Ingibjörg Auðunsdóttir með þá tillögu að næst yrði lesin ein faggrein og ein bók sem flokkast gæti undir fagurbókmenntir. Þessari tillögu var afar vel tekið og gert ráð fyrir því á næsta leshringsfundi að ári.

Ritari

Jónína Hauksdóttir.